

Ár 2012, föstudaginn 16. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007, er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum segir ekki nánar hverjir hinir síðastnefndu ríkisstarfsmenn eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það, sbr. 5. gr. laga um kjararáð.

Kjararáð úrskurðaði hinn 5. desember 2006 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 22. september 2011 frá lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Í bréfinu er í fyrsta lagi farið fram á afturköllun launalækkunar frá árinu 2009 sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Í öðru lagi var með bréfinu gerð grein fyrir miklu og óvenjulegu álagi í starfi sem og auknum verkefnum. Í ljósi þessa óskaði lögrelustjórinn endurskoðunar á launakjörum sínum.

Í bréfinu segir að embætti lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi tekið til starfa 1. janúar 2007 við sameiningu þriggja stórra lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. Flókið sameiningar- og breytingaferli hafi þá tekið við sem telja megi að nú sé lokið. Þessu samhliða hafi verið gerðar kröfur um umfangsmikinn niðurskurð í rekstri embættisins. Í kjölfar niðurskurðar og fækkunar starfsfólks hafi álag aukist mjög og nauðsynlegt reynt að dreifa verkefnum á fleiri hendur. Eftir hrun íslensku bankanna haustið 2008 hafi lögreglan á höfuðborgarsvæðinu að auki þurft að takast á við ný og krefjandi verkefni vegna óvenjulegs ástands í samfélaginu.

Með bréfum dagsettum 26. september 2011 gaf kjararáð innanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis lögrelustjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 27. september 2011. Í bréfinu sagði að frá því kjararáð hefði ákveðið laun lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu 2. mars 2007 hefði álag á daglega starfsemi embættisins aukist í kjölfar efnahagshrunsins, að minnsta kosti tímabundið. Í svari innanríkisráðuneytisins dagsettu 14. október 2011 er tekið undir rök lögrelustjórans um mikila vinnu við undirbúning og stjórnun á umfangsmiklu sameiningar- og breytingaferli hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Embættið sé stórt í samanburði við önnur lögreglu- og sýslumannsembætti hvort sem litið sé til fjárveitinga, fjölda starfsmanna eða fjölda íbúa í umdæminu. Í ljósi þessa telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð endurskoði laun lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með bréfi dagsettu 18. október 2011 fékk lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu send bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum. Í tölvubréfi lögrelustjórans dagsettu 31. október 2011 er krafa um hækkun launa til framtíðar ítrekuð, auk þess sem gerð er frekari grein fyrir auknu álagi í starfi frá því embættið tók til starfa. Lögrelustjórinn kom á fund kjararáðs hinn 4. nóvember 2011 og gerði nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

III.

Samkvæmt lögreglugögum nr. 90/1996 með síðari breytingum er landinu skipt í 15 lögregluumdæmi. Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með lögrelustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Sveitarfélagið Álftanes, sbr. 1. tölulíð 1. mgr. 1. gr. laganna.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Hið sameinaða embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu tók til starfa hinn 1. janúar 2007. Kjararáð ákvað lögreglustjóranum laun 2. mars 2007 og var við þá ákvörðun annars vegar tekið mið af launum lögreglustjórans í Reykjavík eins og þau voru, að teknu tilliti til aukinna verkefna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar var miðað við laun ríkislögreglustjóra sem fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra, æðsta yfirmanns lögreglunnar í landinu. Í ljósi stærðar embættisins og álags í daglegri starfsemi telur kjararáð þó rétt að mánaðarlegum einingum lögreglustjórans verði fjölgað.

Með ákvörðun kjararáðs 21. desember 2011 breyttust laun þeirra sem undir kjararáð heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 og tók sú ákvörðun gildi 1. október 2011.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2011 skulu mánaðarlaun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 137, krónur 764.892 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 791.663 frá 1. mars 2012. Að auki skal greiða honum 38 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson